




SJÁVARÚTVEGSHÚSIÐ  
SKÚLAGÖTU 4

Skúlagata 4  
Sjávarútvegshúsið

GULL NET

um 100 fm stærð á listaverki

10 m lengd  
10 m breydd  
50-70 sm þykkt



Austur

# GULL NET

– Hugmyndin bakvið verkið, efnisval, uppbygging og útfærsla –

## Hugmyndin

GULL NET er nafn að tillögu að verki sem myndi prýða austurgafli á Sjávarútvegshúsinu að Skúlagötu 4. Verkið hefur skírskotun að sögu sjávarútvegs á Íslandi. Um er að ræða upphleyft þrívíddar form sem nær yfir stærsta hluta veggisins og myndar stórt hringlaga form sem tákna „mokveiði“ eða eins og er stundum sagt „Að sækja gull í greipar Ægis“. Form listaverksins er því hægt að túlka á tvenna vegu. Bæði sem einskona net sem inniheldur aflann eða fiskmassann sem myndast inni í netinu og hin nálgunin er sú að þetta sé poki fullur af gulli. Þar sem fiskurinn hefur verið okkar lifibrauð lengi er fiskurinn okkar gull hér á Íslandi. Þetta er verkið sem myndi prýða vegg Sjávarútvegshússins. Í kringum hringlaga gull formið (netið/pokann) eru margir bláir litatónar sem tákna sjóinn sem minnir á Kjarval málverk. (sjá mynd)

## Efnisval

Í sjálfu gull forminu eru stálplötur sem speglast og eru skornar út í allskonar abstrakt formum og komið fyrir á fleti verksins á víð og dreyfð sem svipar til mósaík og minnir á verk Gerðar Helgudóttur. Grunnur verksins sem er einskona lágmynd sem byggð er úr traustri stálgrind sem heldur uppi fremsta lagi verksins og festir það við vegg húsin. GULL NET fellur vel inn í umhverfi sitt og glitrar í takt við ljósadýrð Hörpunnar og einnig hafið á sólríkum degi þess vegna áhírf speglana. Verkið er táknrænt fyrir allt sem hafið hefur gefið okkur í gegnum tíðina og er margbreytilegt eftir því frá hvaða sjónarhorni á það er horft. Verkið er svo lýst á kvöldin með floðljósi sem skapar fallett samtal við Hörpuna. (sjá mynd)

## Uppbygging og útfærsla

GULL NET er unnið út frá ólíkum efniviði aðalega stáli sem hentar verkinu og endingu verksins í að minnsta kosti 3 ár ef ekki fleiri. Grunnur verksins verður unnin út frá traustri grind sem hefur það burðarþol sem þarf til þess að standast allar öryggis kröfur sem til þarf fyrir svona verk.

Grindin og allur strúktur verksins verður samþykktur af sérfræðingi og skrifað uppá öryggi þess í því umhverfi sem listaverkinu er komið fyrir. Ofan á grindina er flötur verksins sem er umvafni spegluðum plötum og ýmsum öðrum plötum sem grunnaðar eru og málaðar með margbreytilegum gulum og gulllituðum tónum. (sjá mynd)

-Tillaga GULL NET rituð 18. JAN 2018 fyrir Sjávarútvegshússins við Skúlagötu 4